

Reykjavík 7. janúar 2010

Bændasamtök Íslands
Landssamtök sauðfjábænda
Landssamband kúabænda
Búnaðarsambönd um land allt

Geldingar leikmanna á hrútum og kálfum

Dýralæknafélag Íslands hvetur hér með Bændasamtök Íslands, Landssamtök sauðfjábænda, Landssamband kúabænda og búnaðarsambönd um land allt til að beita sér gegn því að leikmenn geldi hrúta og kálfa með svokölluðum hrúta- eða kálfatöngum.

Um er að ræða sársaukafulla aðgerð sem krefst deyfingar og slíkar aðgerðir eru eingöngu á færi dýralækna, sbr. ákvæði laga um dýravernd og laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Vinsamlega hafið frumkvæði að umræðu og fræðslu um málefnið meðal sauðfjár- og kúabænda þannig að koma megi í veg fyrir brot á lögum um dýravernd hvað þetta varðar og þar af leiðandi álitshnekki sauðfjár- og kúabænda varðandi velferð dýra.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Þorvarðardóttir
formaður stjórnar Dýralæknafélags
Íslands

Afrit:

-Dýraverndarráð
-Matvælastofnun